



## Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

635. stjórnarfundur þriðjudaginn 4 mars 2025 kl. 17:00.

**Mætt:** Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Stefán Guðjónsson, Guðmundur Steinarsson og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

**Fjarverandi:** Garðar Örn Arnarson.

**Gestir fundarins:** Hjördís Baldursdóttir íþróttastjóri, Guðbjörg Björnsdóttir fjármálastjóri og Sveinn Ólafur Magnússon fulltrúi þorablótsnefndar.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Engin.

### 3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á íþrótt- og tómstundaráð vegna hitakerfis á HS Orku vellinum.

Tölvupóstur sendur á Reykjanesbæ vegna ástands á parketi í Heiðarskóla.

Tölvupóstur sendur á Hafþór B. Birgisson íþróttafulltrúa vegna aðstöðu fimleikadeildar.

### 4. Þorablót Keflavíkur

Sveinn Ólafur Magnússon kom sem fulltrúi þorablótsnefndar og fór almennt yfir utanumhald á blótinu sem og framhaldið fyrir næsta þorablót. Ýmislegt rætt eins og t.d. að vera með færri skemmtiatriði, samning við Exton, matinn og magn, hafa birgðastjóra fyrir áfengi og skipta hlutverkum/ábyrgð á milli aðila. Einnig var umræða um möguleg kaup á borðum og stólum. Það voru fimm yngri flokkar í körfu og fótbolta sem aðstoðuðu við að setja upp og ganga frá.

### 5. Trúnaður stjórnarmanna

Formaðurinn brýndi fyrir stjórnarmönnum og starfsfólki félagsins mikilvægi þess að halda trúnaði um það sem fer fram á fundum aðalstjórnar.

### 6. Aðalfundur Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags

Aðalfundur Keflavíkur 2025 var haldinn 18. febrúar. Björg Hafsteinsdóttir var sjálfkjörin formaður félagsins. Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir voru kjörnar til tveggja ára. Garðar Örn Arnarson, Stefán Guðjónsson og Guðmundur Steinarsson voru kosnir í varastjórn til eins árs. Garðar Newman og Eva Björk Sveinsdóttir eru á seinna árinu

í stjórn. Ársreikningar félagsins komu mjög vel út og var fundurinn vel sóttur. Hjónin Auður Bjarnadóttir og Þorsteinn Erlingsson ásamt Smára Helgassyni voru sæmd gullheiðurmerki félagsins. Jón Ólafsson og Þórður Þorsteinsson (Dói) voru sæmdir silfurheiðursmerki félagsins og Davíð Örn Óskarsson hlaut starfsbikarinn. Eva Björk Sveinsdóttir fékk gullmerki félagsins fyrir 15 ára stjórnarsetu hjá félaginu. Aðalstjórn óskar þessu frábæra fólki innilega til hamingju.

#### **7. Skipan aðalstjórnar 2025-2026**

Ákveðið var eftirfarandi: Sveinbjörg Sigurðardóttir varaformaður, Garðar Már Newman gjaldkeri og Eva Björk Sveinsdóttir ritari.

#### **8. Formanna- og gjaldkerafundur**

Ákveðið var að boða til fundar í mars. Framkvæmdastjóri boðar til fundar og heyrir í formönnum deilda. Framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og íþróttastjóri sitja fundinn ásamt aðalstjórn.

#### **9. Hitakerfið á HS Orkuvellinum**

Framkvæmdastjóri Keflavíkur sendi íþrótta- og tómstundaráði bréf 6. febrúar sl. og óskaði eftir að hitakerfi fyrir HS Orku völlinn yrði lagað. Til að leiðrétta allan misskilning sem kemur fram í blaðagreinum og fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs þá er ekki verið að biðja um nýja heimtaug. Einungis er verið að biðja um að laga dælubúnað sem er í Sundmiðstöðinni og tengist hitakerfi vallarins. Erindið var í framhaldi sent á bæjarráð og er beðið svara frá ráðinu.

#### **10. Ástand á parketi í sal Heiðarskóla**

Framkvæmdastjóri Keflavíkur sendi erindi á Reykjanesbæ og óskaði eftir því að parketið í íþróttasalnum yrði endurnýjað. Gólfíð er kíttað og límt saman sem getur verið slysagildra fyrir iðkendur. Reykjanesbær ætlar að endurnýja parketið 19. maí nk.

#### **11. Uppbygging íþróttamannvirkja**

Framkvæmdastjóri Keflavíkur átti fund með bæjarstjóra Reykjanesbæjar vegna stöðu mála er varðar uppbyggingu íþróttamannvirkja. Njarðvíkingar eru búnir að senda inn erindi til Reykjanesbæjar þar sem félagið ætlar að draga sig út úr áframhaldandi þátttöku í verkefninu „sameiginlegur knattspyrnuleikvangur í Reykjanesbæ“.

Framkvæmdastjóri fundaði í kjölfarið með formanni Keflavíkur, formanni knattspyrnudeildar og framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar. Þar var samhljóma niðurstaða að Keflavík vildi halda áfram þessari uppbyggingu og sendi erindi til bæjarstjóra því til staðfestingar.

## **12. Fimleikaaðstaða í Keili**

Fimleikadeildinni var lofað að fá íþróttasalinn í Keili til afnota fyrir hóp fimleika núna í byrjun febrúar. Ekkert hefur heyrst frá Reykjanesbæ síðan í janúar og erfitt að fá svör. Keflavík vonast til að hóp fimleikarnir fái afnot af salnum sem fyrst.

## **13. Keflavíkurmessa**

Framkvæmdastjóri Keflavíkur kom með þá hugmynd að félagið í samstarfi við Keflavíkurkirkju haldi Keflavíkurmessu einu sinni á ári og yrði hún haldin í kringum afmælisdag félagsins 29. septemember. Sr. Erla tók vel í þessa hugmynd. Aðalstjórn Keflavíkur tekur vel í þessa hugmynd og felur framkvæmdastjóra Keflavíkur að vinna hana áfram í samráði við sr. Erlu.

## **14. Stefnumótavinna/markaðsáttak með K merkið**

Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með Sigurði Garðarssyni og Rúnari V. Arnarssyni 14. febrúar sl. Sigurður og Rúnar hafa mikið talað um stefnumál félagsins á fundum sem haldnir hafa verið hjá félaginu. Var því ákveðið að hitta þá og fara yfir þessi mál. Allir voru sammála um að félagið þyrfti að vera duglegra að senda út jákvæðar fréttir um hvað við erum að gera „fyrir“ bæjarfélagið í hverjum mánuði eins og t.d. hvað voru mörg mót haldin í bæjarfélaginu og hvað komu margir gestir til okkar. Einnig þurfum við að skoða hvernig við getum fengið pólitíkina til að vera meira meðvituð um hvað félagið er að gera og fyrir hvað við stöndum. Félagið þyrfti að vera með viðburða- og markaðsstjóra innan félagsins.

## **15. Fundir með deildum Keflavíkur**

Formaður, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri hafa hitt stjórnir deilda eftir aðalfundi og farið yfir breyttar starfsreglur hjá félaginu. Fundirnir hafa gengið mjög vel og góður skilningur stjórna deildanna á breyttum starfsreglum.

## **16. Lóðarleiga Heiðarendi**

Búið er að senda út lóðaleigu á Heiðarenda 2, 4, 6 og 8. Hækkun var upp á 9,6% á milli ára.

## **17. Heimasíða Keflavíkur**

Umræða um heimasíðu okkar keflavik.is, notkun á henni og hvort það þurfi að uppfæra hana. Ákveðið var að bíða með það.

## **18. Nýjar auglýsingar fyrir félagið**

Hjördís ræddi myndbönd sem gerð voru árið 2021 sem auglýsa deildir félagsins. Umræða um að gera ný myndbönd. Ákveðið að fara í það.

## **19. Skuldir deilda**

Guðbjörg og Garðar fóru yfir gamlar skuldir deilda við aðalstjórn. Á stjórnarfundum frá 14. nóv. sl. var fjármálastjóra falið að fara yfir gamlar skuldir. Guðbjörgu falið að halda áfram með málið.

## **20. Félagsheimili Keflavíkur**

Umræða um aðgengismál og umgengni deilda í félagsheimilinu. Ákveðið að skoða kaup á myndavélum á gangana og aðgangsstýringu á nokkrar hurðir. Framkvæmdastjóra falið að kanna með kostnað.

## **21. Skýrsla aðalstjórnar**

Skýrsla stjórnar fer á heimasíðu Keflavíkur og geta allir kynnt sér hana þar.

## **22. Hátíðarféanar**

Félagið á þrjá hátíðarféana, UMFK, KFK og ÍBK. Ákveðið að hengja þá upp í félagsheimilinu. Framkvæmdastjóra falið að finna staði fyrir þá.

## **23. Utanyfirgallar Keflavíkur**

Hjördís fór yfir stöðuna á sameiginlegum utanyfirgöllum hjá félaginu. Gallarnir koma á næstu dögum.

## **24. Samskiptadagar í Háaleitisskóla**

Hjördís var tilnefnd í starfshóp fyrir hönd Keflavíkur með fulltrúum frá Njarðvík, Reykjanesbæ og svæðisstöð íþróttahéraða á Suðurnesjum. Markmið þessa hóps er að aðstoða krakka ef erlendu bergi og krakka frá efnalitlum fjölskyldum að stunda íþróttir. Á samskiptadegi í Háaleitisskóla var þessi hópur með kynningu á íþróttagreinum á sal skólans. Einnig voru nemendur og foreldrar beðnir um að svara könnun varðandi íþróttabáttöku. Hjördís fór yfir niðurstöður könnunarinnar.

## **25. Önnur mál**

- A. Það verður málþing 24. mars um íþróttaiðkun barna með fatlanir á Suðurnesjum. Allir hvattir til að mæta.
- B. Myndataka stjórnar verður miðvikudaginn 2. apríl kl. 18:00.

Fundi lokið kl. 19:50

Næsti fundur verður boðaður af formanni.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.